

05.11.2014

Athugasemd Sólar á Suðurlandi vegna áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun).

244. mál. þingsályktunartillaga. 09.10.2014. þingskjal 273 umhverfis- og auðlindaráðherra.

Sól á Suðurlandi telur þingsályktunartillögu um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk úr takti við tímann og þá þróun atvinnulífs, tækni og samfélags sem orðið hefur á síðasta áratug, eftir að málið fór í gegnum ferli umhverfismats. Gosið í Holuhrauni setur svo enn eitt strikið í reikninginn með hættu á hamfaraflóði, einmitt um virkjanasvæðin í Þjórsá. Sól á Suðurlandi leggur til að málið fellt niður og engin breyting verði gerð á þingsályktunartillögu um rammaáætlun, nema ef vera skyldi í átt til friðunar.

Uppbygging ferðaþjónustu og stóraukinn fjöldi ferðamanna á Suðurlandi, hefur beint sjónum manna að Þjórsárdal. Hafnar eru endurbætur á aðstöðu við Hjalparfoss og verið að skipuleggja göngustígagerð við stórfossa Þjórsár á afrétti Gnúpverja. Þannig er svarað kröfu um að bæta möguleika ferðamanna til að heimsækja aðgengilegar náttúruperlur víðar um landið og bæta við jákvæða upplifun þeirra. Gerð Hvammsvirkjunar myndi skerða möguleika til ferðamennsku á þessu svæði stórlega. Fyrst á framkvæmdatíma, en síðan verða áfram neikvæð áhrif af lóni og þurrum árfarvegi, sem ferðamenn þurfa að fara framhjá á leið í Þjórsárdal. Í dalnum verða líka háir aurhraukar sem mokað hefur verið upp úr lóninu en í það safnast um 100.000 m³ af aur árlega. Lóninu er ætlaður staður sem ferðamenn fara mikið um, við efstu bæi í Gnúpverjahreppi. Hugsanlegar og yfirvofandi virkjanaframkvæmdir um margra ára skeið hafa að þegar hægt á ferðaþjónustu þar og við það verður ekki búið lengur.

Loftslagsbreytingar eru enn ein breytan sem lítið hefur verið fjallað um, en vatnsaflsvirkjanir hafa neikvæð áhrif á þær, þar sem minni árframburður veldur minnkun á þörungagróðri við strendur. En talið er að þörungar vinni um 15 sinnum meira magn af koltvísýringu úr andrúmsloftinu en álíka stórt skóglendi.

<http://www.worldwatch.org/node/6323> og [http://www.bioone.org/doi/abs/10.1899/0887-3593\(2005\)024%3C0192:EOROAS%3E2.0.CO%3B2](http://www.bioone.org/doi/abs/10.1899/0887-3593(2005)024%3C0192:EOROAS%3E2.0.CO%3B2)). Uppistöðulón valda mikilli metanlosun út í andrúmsloftið, en áhrif þess á hlýnun jarðar eru 25 sinnum meiri en sama magn koltvísýrings. Hingað til hefur verið haldið að þessi gróðurhúsaáhrif uppistöðulóna séu fyrst og fremst í hitabeltinu en nýjustu rannsóknir sýna fram á að það er líka töluverður útblástur metans úr uppistöðulónum í kaldara loftslagi (<https://news.wsu.edu/2012/08/08/a-new-global-warming-culprit-dam-drawdowns/#.VFoTfousU9g>).

Ótti fólks sem býr við Þjórsá, við flóð og stíflurof, vegna jarðskjálfta eða annarra náttúruhamfara er nú orðinn að áhyggjuefni rannsóknarstofnana ólíkt því sem áður var. Eldgosið í Holuhrauni er talið geta valdið hamfaraflóði í Þjórsá sem hefði alvarlegri afleiðingar fyrir almannaoöryggi og almannavarnir en áður hefur þekkt. Sú spá bendir ekki til að Þjórsá í byggð sé ákjósanlegt athafnasvæði, samhliða þeim eldsumbrotum, né heldur í annan tíma. Áhyggjur vísindamanna eru staðfesting á því sem heimamenn hafa haldið fram að á þessu svæði sé hættan á miklum og ófyrirsjáanlegum náttúruhamförum ævinlega til staðar.

Sól á Suðurlandi furðar sig á því að fjallað hafi verið um Þjórsárvirkjanirnar einar og sér þegar fara átti í breytingar á rammaáætlun í stað þess að fjalla um landið í heild. Þá telja samtökin miður að enn er einblínt á laxastofninn í Þjórsá sem eina þáttinn sem þurfi rannsóknar við. Það er sérstaklega alvarlegt þar sem fjölmargir aðrir náttúrufarslegir, fjárhagslegir og samfélagslegir þættir sem Sól á Suðurlandi hefur bent á og haft áhyggjur af síðastliðinn áratug hafi nú komið fram og sannast.

Fyrir hönd Sólar á Suðurlandi.
Guðfinnur Jakobsson, Skaftholti.